

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2023  
Tilv.: 2303006

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum (verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislögum, verðjöfnunargjöld), 127. mál, 153. löggjafarþing.**

1. Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviðs Alþingis, dags. 17. mars 2023, þar sem atvinnuveganefnd Alþingis veitti eftirlitinu færi á að veita umsögn um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislögum, verðjöfnunargjöld), 127. mál, 153. löggjafarþing.
2. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, er frumvarpið endurflutt frá fyrri þingum og hefur Samkeppniseftirlitið áður komið á framfæri umsögnum um efni þess í nokkur skipti.<sup>1</sup> Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins um frumvarpið á fyrri stigum kom m.a. fram að eftirlitið mælti sterklega með því að frumvarpið verði að lögum. Áréttar Samkeppniseftirlitið því fyrri afstöðu sína, og þau sjónarmið sem finna má í umsögnum þess á fyrri stigum.
3. Samkeppniseftirlitið vill jafnframt vekja athygli atvinnuveganefndar og Alþingis á ítarlegri [umsögn](#), dags. 12. desember 2022, og [viðauka](#) um tengt mál sem eftirlitið skilaði á samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða umsögn vegna frumvarpsdraga sem unnin voru af matvælaráðuneytinu og vörðuðu m.a. undanþágur frá samkeppnislögum vegna samstarfs og samruna afurðastöðva í kjötiðnaði. Í umsögninni (einkum viðaukinn) er að finna ítarlega umfjöllun m.a. um framkvæmd, efni og skipulag undanþága frá samkeppnisreglum í nágrannalöndum Íslands. Í umsögninni er einnig fjallað um [viðhorfskönnun](#) (desember 2020) sem Samkeppniseftirlitið framkvæmdi á meðal bænda sem sýnir m.a. veika stöðu þeirra gagnvart afurðastöðvum í landbúnaði.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið



Magnús Þór Kristjánsson

<sup>1</sup> Sjá yfirlit yfir umsagnir Samkeppniseftirlitsins á vef Alþingis, <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/153/127/?tg=153&mnr=127>.